

Skólaráð Lágafellsskóla. Fundur 06.05. 2019

Mættir: Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri, fulltrúar foreldra: Ólöf Kristín Sívertsen og Kristín Ásta Ólafsdóttir, fulltrúar kennara: Sigríður Halldórsdóttir og Guðrún I. Stefánsdóttir, fulltrúi annarra starfsmanna: Erla Björnsdóttir, fulltrúi nemenda: Kolbrún Jónsdóttir.

Jóhanna byrjaði fundinn með því að tilkynna að skólinn væri kominn með Facebooksíðu. Fundarmenn lýstu yfir mikilli ánægju með tilkynninguna.

1. Niðurstöður samræmdra könnunarprófa í 9. bekk. Árgangur 2004.  
Raðeinkunn í íslensku 51,7 - mjög góðar framfarir frá 7.bekk.  
Raðeinkunn í stærðfræði 48 - góðar framfarir frá 7.bekk.
2. Ráðningamál  
Það þarf m.a. að ráða kennara í íslensku og stærðfræði á unglingastig, stuðningsfulltrúa og einnig vantar tónmenntakennara og kennara á yngsta stig.  
Ágústa Andrésdóttir forstöðumaður frístundar, sem var í ársleyfi, kemur ekki tilbaka og þarf því að auglýsa stöðuna hennar. Einnig verður auglýst staða aðstoðarforstöðumanns frístundar.  
Búið er að ganga frá ráðingu deildarstjóra leikskóladeildar. Nauðsynlegt er að fjölga starfsfólki á leikskóladeildinni.  
Búið að ráða dönskukennara.
3. Höfðaberg – fjöldi barna og skipulag  
Leikskóladeildin verður bæði með fjöggra og fimm ára börn. Það verða 38 fjöggra ára börn og 25 fimm ára börn.  
1.bekkur: Það eru 38 sex ára börn innrituð í skólann.
4. Önnur mál  
Spurning kom frá foreldri hvort að foreldrar fjöggra ára barna geti greitt í foreldrafélag Lágafellsskóla. Foreldrafélagið mun skoða þetta betur.  
Fulltrúi nemenda nefndi að það hefði verið ball fyrir 6. og 7. bekk í síðustu viku og svo verður unglingaball í lok maí.  
Fræðslu- og aðalfundur foreldrafélagsins verður 22.maí n.k. Þorgrímur Þráinsson verður með erindi. Foreldrafélagið mun veita viðurkenningu til starfsmanns Lágafellsskóla fyrir framúrskarandi þjónustu við börn og foreldra. Foreldrafélagið mun óska eftir tilnefningum frá foreldrum nemenda.

Fundi slitið.

Fundarritari: Guðrún I. Stefánsdóttir.